

Aðalfundur Foreldrafélags Glerárskóla

23. september 2015

Mættir úr stjórn: Aníta, Brynja, Vilborg og Sigurlaug. Auk stjórnar voru 33 foreldrar mættir.

1. Aníta formaður bauð alla velkomna og kynnti dagskrá fundarins. Óskað var eftir fundarstjóra, enginn gaf sig fram og því var Aníta fundarstjóri.
2. Næst á dagskrá var skýrsla formanns.
3. Skýrsla gjaldkera var næst á dagskrá.
4. Umræður um framkomnar skýrslur. Skýrslur voru báðar samþykktar með handauppréttingu meirihluta fundarmanna.
5. Aníta lagði til hækkun á félagsgjaldi félagsins og yrði það 2500 kr. á hvert heimili. Með handauppréttingu samþykkti meirihluti fundar það.
6. Þá var borin fram breytingartillaga á 6. grein í lögum foreldrafélagsins og verður hún nú þannig: *Fimm menn skipa stjórn félagsins ásamt starfsmanni skólans. Stjórn skal kosin á aðalfundi með almennri kosningu. Formaður situr eitt ár í senn, aðrir í tvö ár. Formaður skal valinn á fyrsta fundi nýrra stjórnar eftir aðalfund. Stjórn skiptir með sér verkum á þeim fundi einnig.* Meirihluti fundar samþykkti þessa breytingu.
7. Aníta Jónsdóttir heldur áfram sem formaður.
8. Vilborg, Alma, Sigurlaug og Líney eru aðrir stjórnarmenn.
Brynja Sigurðardóttir ritari heldur áfram í stjórn fyrir hönd Glerárskóla. Í skólaráði sátu Hugrún Hermannsdóttir og Elfa Björk Gylfadóttir. Hugrún þurfti að hætta vegna anna og tók Aníta Jónsdóttir þá við á síðasta skólaári. Sunneva Guðgeirsdóttir og Freydís Dana Sigurðardóttir koma nýjar inn sem aðalmenn í skólaráði. Varamenn verða: áfram verður Hólmfríður Þorsteinsdóttir og Elfa Björk Gylfadóttir sem kemur ný inn fyrir Ingibjörgu Björnsdóttur.
Brynhildur Smáradóttir kemur ný inn og verður aðalmaður í umhverfisnefnd Glerárskóla fyrir hönd foreldra. Inga Steinlaug Hauksdóttir situr áfram í umhverfisnefnd sem varamaður.
Berglind Rafnsdóttir tekur að sér að endurskoða reikninga fyrir næsta aðalfund sem endurskoðandi.

9. Önnur mál. Rætt var um bekkjarráð og hlutverk þeirra. Bent var á að gott væri að nefna það við nýja aðila í bekkjarráði að um 1 árs setu væri að ræða kannski og því ör skipti á milli foreldra.
Þá var einnig útskýrður munurinn á setu í bekkjarráði og Foreldrafélagi.

Dagný umsjónarmaður félagsmiðstöðvar Himnaríkis í Glerárskóla kynnti starf þeirra. Mjög víðamikið starf fer þar fram og í Rósenborg/öðrum félagsmiðstöðvum á Akureyri. Þetta var mjög góð kynning og voru fundarmenn ánægðir.

Ritari Brynja Sigurðardóttir

Fundi lauk klukkan 21:35